

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 378/1994.

Kristinn Guðjónsson

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Húsfélaginu Suðurhvammi 5, 7 og 9

(Othar Örn Petersen hrl.)

og gagnsök

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 16. nóvember 1994 var þess krafist af hálfu gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að kröfu gagnáfrýjanda verði hafnað.

Rök gagnáfrýjanda eru þau, að 19. október 1994 hafi hann gert árangurslausa löggeymslu hjá aðaláfrýjanda til tryggingar kröfu sinni samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Í framhaldi af því hafi hann með bréfi 22. nóvember 1994 til Héraðsdóms Reykjavíkur krafist þess, að bú aðaláfrýjanda yrði tekið til gjaldprotaskipta. Séu því allar líkur á, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu aðaláfrýjanda er kröfu gagnáfrýjanda mótmælt með þeim rökum, að veruleg vafaatriði séu í málinu og að það fari í bága við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að dómþola samkvæmt héraðsdómi sé vegna efnaleysis meinað að fá endurskoðun á ípyngjandi dómsathöfn. Mál þetta sé ótvírætt þannig vaxið, að málskostnaður yrði felldur niður, enda þótt héraðsdómur yrði staðfestur. Þá bendir hann á, að verði aðaláfrýjanda gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, geti farið svo, að honum verði meinað að halda uppi vörnum í gagnsökinni.

Samkvæmt fram lögðu endurríti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík 19. október 1994 kveðst aðaláfrýjandi vera eignalaus. Í

málinu liggja ekki fyrir aðrar upplýsingar um hag aðaláfrýjanda. Í greinargerð fyrir Hæstarétti er því ekki mótmælt, að aðaláfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu fyrir Hæstarétti. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 150.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Aðaláfrýjanda, Kristni Guðjónssyni, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 150.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 378/1994. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.
